

Aðlögunarplan fyrir ný börn á Brákarborg:

Dagur 1:

Barnið kemur í heimsókn ásamt foreldrum sínum í u.þ.b. 1 klst. frá kl. 10:00 – 11:00.

Dagur 2:

Barnið kemur frá 9:30 og er til 11:00. Foreldri er með barninu allan tímann.

Dagur 3:

Barnið kemur í morgunmat kl.8:30 og er til 11:30. Ef vel gengur skreppur foreldrið frá í smá stund án þess að fara úr húsi.

Dagur 4:

Barnið kemur um 8:30 og til 12:30. Barnið borðar hádegismat og fylgist með þegar hin börnin fara í hvíld. Foreldri er með barninu hluta af tímanum og skreppur úr húsi ef vel gengur.

Dagur 5:

Barnið kemur á sama tíma og prófar að fara í hvíldina. Ef barnið sofnar fer það heim fljótlega eftir að það vaknar.

Barnið er eitt mest allan tímann.

Dagur 6:

Barnið kemur um morguninn og er til 14:00. Er í mat og fer í hvíld. Foreldrar kveðja barnið í fataklefanum og barnið er eitt allan tímann.

Dagur 7:

Barnið kemur á sínum tíma um morguninn og er til 15:30 eða þar til kaffitíma lýkur. Barnið er eitt allan tímann.

Þessar tímasetningar eru aðeins til viðmiðunar og gætu breyst. Það skiptir miklu máli að aðlögunin fari fram eftir þörfum hvers barns. Því er mjög mikilvægt að foreldrar og starfsfólk ræði saman hvernig gengur og hvort tímasetningar standi.